

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 480/1983 um iðgjöld atvinnurekenda til að standa straum af kostnaði vegna framkvæmdar laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hundraðshluti iðgjalds á árinu 1988, vegna tekjuársins 1987, skal nema 0,1% af gjaldstofni samkvæmt 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 77. gr. laga nr. 46/1980, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 49 2. febrúar 1987.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. mars 1988.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Óskar Hallgrímsson.*

## AUGLÝSING

um endurgreiðsluhlutfall söluskatts fiskvinnslufyrirtækja.

Með vísan til ákvæða fjárlaga fyrir árið 1988 og 1. gr. laga nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988, hefir sjávarútvegsráðuneytið ákveðið eftirfarandi hlutfall endurgreiðslu af aðföngum fiskvinnslu, sem miðað er við fob-verðmæti útflutningsframleiðslu. Gildir það um útflutning frá og með desember 1987 til og með maí 1988 þar til annað verður ákveðið.

1. Frysting .....	2,0%
2. Rækjuvinnsla .....	2,0%
3. Hörpudiskvinnsla .....	4,5%
4. Síldarsöltun .....	1,5%
5. Söltun .....	1,5%
6. Hersla .....	2,0%
7. Mjöl- og lýsisvinnsla .....	3,5%
8. Lifrarlýsi .....	2,5%

*Sjávarútvegsráðuneytið, 25. mars 1988.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Gylfi Gautur Pétursson.*